

## Vísindasjóður Félags leikskólakennara (FL) og Félags stjórnenda í leikskólum (FSL)

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður FL og FSL og er starfsþróunarsjóður Félags leikskólakennara (FL) og Félags stjórnenda leikskóla (FSL). Markmið hans er að tryggja fjárhagslegan grundvöll símenntunar og endurmenntunar fyrir félagsmenn í tengslum við störf þeirra, þannig að komið sé til móts við þarfir og óskir þeirra fyrir endur- og viðbótarmenntun eftir því sem kostur er.

Umsóknum og fylgigögnum er skilað rafrænt á Mínum síðum KÍ. Ef fylgigögn eru send í tölvupósti á sjodir@ki.is þarf að merkja þau með umsóknarnúmeri. Sama á við ef fylgigögn eru send í bréfpósti. Kvittanir mega vera tólf (12) mánaða gamlar. Hægt er að sækja um styrk sex mánuði fram í tímann og tólf (12) mánuði aftur í tímann.

### Hverjir eiga rétt á styrkjum?

Félagsmenn í Félagi leikskólakennara og Félagi stjórnenda leikskóla öðlast rétt til úthlutunar úr sjóðnum eftir 3ja mánaða iðgjaldagreiðslur til Kennarasambands Íslands (KÍ).

Sjóðfélagi getur viðhaldið úthlutunarrétti sínum í:

- Fæðingarorlofi kjósi hann að greiða stéttarfélagsgjald af fæðingarorlofsgreiðslum.
- Atvinnuleysi kjósi hann að greiða stéttarfélagsgjald af atvinnuleysisbótum.

Launalaust leyfi: Sjóðfélagi í launalausum leyfi á ekki rétt á úthlutun úr sjóðnum nema samkvæmt reglu KÍ um aðild í launalausum leyfi.

## STYRKIR

### Einstaklingsstyrkur

Hámarksstyrkur á 24 mánaða tímabili vegna endurmenntunar innanlands og utan fyrir: námskeið, ráðstefnur og skráningar- og/eða skólagjöld er 240.000 kr.

Ferða-, gisti- og námskeiðs-/ráðstefnukostnaður er lagður til grundvallar styrkveitingu. Ekki er veittur styrkur vegna námskeiðsgagna, bóka- eða fæðiskostnaðar. Námskeið sem er haldið af launagreiðanda er ekki styrkhæft.

### Loknar ECTS einingar í framhaldsnámi – Ísland

Sjóðfélagi getur sótt um styrk vegna framhaldsnáms á Íslandi ef námið nýtist í starfi. Greiðsla miðast við fjölda eininga, allt að 120 ECTS einingar á 5 ára tímabili. Hver eining er 5.000 kr. Hámarksstyrkur er 600.000 kr. á 5 ára tímabili.

Umsóknir eru metnar með hliðsjón af því að námið nýtist í starfi og sé framhaldsnám á háskólastigi. Styrkur er greiddur eftir að umsókn og staðfesting á loknum einingum\* er skilað. Sækja skal um styrk innan 6 mánaða frá því önn lýkur.

Ferðakostnaður innanlands er greiddur, 15.000 kr. á önn ef fjarlægð frá námsstað er lengri en 100 km en 30.000 kr. á önn ef fjarlægð frá námsstað er lengri en 250 km.

### Loknar ECTS einingar í framhaldsnámi erlendis

Sjóðfélagi getur sótt um styrk vegna framhaldsnáms í útlöndum ef námið nýtist í starfi. Greiðsla miðast við fjölda eininga, allt að 120 ECTS einingar á 5 ára tímabili. Hver eining er 7.500 kr. Hámarksstyrkur er 900.000 kr. á 5 ára tímabili.

Umsóknir eru metnar með hliðsjón af því að námið nýtist í starfi og sé framhaldsnám á háskólastigi. Sækja skal um styrk innan 6 mánaða frá því önn lýkur. Styrkur er greiddur eftir að staðfestingu á loknum einingum er skilað\*.

---

\* *Með umsókn um styrk vegna ECTS eininga þarf að fylgja staðfesting frá nemendaskrá viðkomandi skóla þar sem fram kemur staðinn einingafjöldi og tímabil.*

### Skólaheimsókn / Kynnisferð innanlands

Styrkur til skólaheimsókna eða kynnisferða innanlands er 30.000 kr. á 4ra ára fresti. Dagskrá þarf að standa yfir í einn dag. Staðfesting frá móttökuaðila ásamt dagskrá og nafnalista kennara þarf að fylgja umsókn.

Sótt er um styrkinn í tveimur þrepum: Fyrst sækir leikskólastjóri/umsjónarmaður ferðar um fyrir hópinn. Þegar umsókn hefur verið samþykkt sækir hver þátttakandi um fyrir sig á Mínum síðum og sendir kvittanir með umsókn.

### Skólaheimsókn / kynnisferð erlendis

Styrkur til skólaheimsókna eða kynnisferða erlendis er veittur á fjögurra (4) ára fresti. Styrkuppghæð vegna ferðar innan Evrópu er 120.000 kr. en utan Evrópu er 140.000 kr.

Skilyrði fyrir styrk er að helmingur af starfandi kennurum skóla/stofnunar fari í ferðina og dagskrá þarf að standa yfir í einn og hálfan dag. Staðfesting frá móttökuaðila ásamt dagskrá og nafnalista kennara þarf að fylgja umsókn.

Sótt er um styrkinn í tveimur þrepum: fyrst sækir leikskólastjóri/umsjónarmaður ferðar um fyrir hópinn. Þegar hópumsókn hefur verið samþykkt af stjórn sjóðsins sækir hver þátttakandi um fyrir sig á Mínum síðum og sendir kvittun fyrir flugfari.

Við bætist ferðastyrkur innanlands kr. 15.000 ef fjarlægð frá heimili að flugvelli er meiri en 100 km og kr. 30.000 ef fjarlægð er meiri en 250 km.

*Ef styrkur er veittur vegna skólaheimsókna innanlands eða erlendis, er ekki heimilt að veita styrk til sömu ferðar úr öðrum styrktegundum sjóðsins.*

### Styrkur til doktorsnáms

Styrkur er veittur vegna doktorsnáms í leikskólafræðum. Heildaruppghæð hans er tvöföld upphæð einstaklingsstyrks í gildi þegar nám hefst. Hægt er að sækja 4 sinnum um með 365 daga millibili.

Skila þarf inn staðfestingu um doktorsnám frá háskóla, greinargerð um námið og rannsókn og greinargerð frá leiðbeinanda en ekki er gerð krafa um framvísun reikninga.

Umsókn er tekin fyrir á fundi stjórnar. Hætti félagsmaður í námi, á hann ekki rétt á að fá eftirstöðvar styrks greiddar.

### Þróunarstyrkur

Útlagður kostnaður vegna þróunar- og rannsóknarstarfa er styrktur, þó ekki skólagjöld né launakostnaður umsækjenda. Veittir eru styrkir til:

1. Þróunar- og rannsóknarstarfa. Styrktur er útlagður kostnaður styrkþega, þó ekki skólagjöld né launakostnaður umsækjanda.
2. Einstakra félagsmanna eða hópa félagsmanna, faghópa og nefnda innan FL og FSL til að halda námskeið og ráðstefnur fyrir félagsmenn. Skólar eða launagreiðendur eiga ekki rétt á þessum styrk.

Heimilt er að veita styrk vegna: Vinnu umsækjenda við verkefni utan daglegs vinnutíma, aðkeyptrar þjónustu í tengslum við verkefnið, ferðakostnaðar innanlands samfara verkefni, annars kostnaðar er tengist verkefninu.

Ekki er veittur styrkur vegna: tækjakaupa, efniskostnaðar (svo sem pappírs, prenthylkja, notkunar síma og internets), aukins kennslukvóta, meistara- eða doktorsritgerða.

Lýsing á verkefninu (markmið, framkvæmd) og skýr, sundurliðuð kostnaðaráætlun þarf að fylgja umsókn.

Úthlutað er einu sinni á ári - í október. Umsóknarfrestur er til og með 15. september.